



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila

7. maí 2014

Tilvísun: 2013050021

**Efni: Drög að reglum um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt - Umræðuskjal nr. 9/2014**

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 9/2014. Umræðuskjalið inniheldur drög að endurskoðuðum reglum um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Reglurnar munu koma í stað núverandi reglna nr. 1245/2007 um sama efni.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á núgildandi reglum og er þeim aðallega ætlað að gera málsmeðferðina við gerð sáttar gagnsærri og skýra betur réttindi og skyldur málsaðila. Með breytingunum eru tilvísanir í reglunum einnig uppfærðar með tilliti til lagabreytinga.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara. Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjal“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

Þess er óskað að athugasemdir vegna umræðuskjalsins verði sendar Fjármálaeftirlitinu ekki síðar en 27. maí nk. Nánari upplýsingar veitir Rúnar Örn Olsen ([runarorn@fme.is](mailto:runarorn@fme.is)).

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Haldóra E. Ólafsd.*  
Halldóra E. Ólafsdóttir

*Rúnar Örn Olsen*  
Rúnar Örn Olsen